

EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



Dags eftirlits	19.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5801697249	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar takmörkun aðgangs þar sem ekki var hlið til staðar til að takmarka aðgang að athafnasvæði rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Orkugerðina og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.4)
- Lyktarmengun og afsog (gr. 3.4)
- Mælingar (gr. 4.2)
- Skoðunarferð

Breyting á starfsleyfi Orkugerðarinnar tók gildi 7. september sl. og er því um að ræða fyrsta eftirlit með breyttu starfsleyfi. Orkugerðin hefur nú heimild til að framleiða próteinmjöl og fitu úr allt að 14 þúsund tonnum af hráefni í stað 7 þúsund tonna áður. Jafnframt er nú gerð krafa um að rekstraraðili noti ósonbúnað eða annan sambærilegan búnað til lyktareyðingar.

Í starfsleyfi er ákvæði er varðar takmörkun aðgangs, en þar kemur fram að aðgangur að athafnasvæði skuli takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Hlið skulu lokað og læst nema þegar starfsemi fer fram. Fram kom í eftirliti að girðing væri umhverfis skipulagt iðnaðarsvæði við Heiðargerði. Hinsvegar var við eftirlit ekkert hlið að svæðinu sem hægt væri að loka og greiður aðgangur fyrir menn og skepnur inn á svæðið. Rætt var um mögulegar úrbætur við rekstraraðila.

Fram kom í eftirlitinu að rekstraraðili hefði komið upp ósonbúnaði til að eyða lyktarefnum og bætt verklagsreglur við móttöku á hráefni þannig að ekki er lengur tekið við hráefni sem, vegna aldurs, getur valdið aukinni lyktarmengun frá starfseminni.

Farið var yfir skráningar og mælingar og lagði rekstraraðili fram skráningar vegna starfseminnar. Rætt var um að samkvæmt núgildandi starfsleyfi skal rekstraraðili skila inn niðurstöðum skráninga skv. gr. 4.1, sem og mælinga á sóti og ryki, kolmónoxíði og köfnunarefnisoxíði í útblæstri skv. gr. 3.5 fyrir 1. maí 2023 og árlega eftir það.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 2.4 í starfsleyfi

Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Hlið skulu lokað og læst nema þegar starfsemi fer fram. Við eftirlit var ekkert hlið sem hægt er að loka og aðgangur greiður fyrir menn og skepnur inn á athafnasvæðið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.12.2022



Sigríður Magnúsdóttir

